



1505237

Minnisblað

Móttakandi: Sveitarfélög

Dags.: 14. september 2015

Sendandi: Gunnlaugur Júlíusson

Málsnr.: 1111019SA

Málalykill: 166

Efni: Minnisblað vegna vinnslu fjárhagsáætlana vegna áráanna 2016-2019

Hagstofa Íslands vann þjóðhagsspá sl. vor sem birt var um mánaðamótin apríl/maí. Þá var ljóst að niðurstöður ýmissa kjarasamninga sem voru í farvatninu lágu ekki fyrir. Því gæti spáin tekið breytingum á skömmum tíma. Þegar niðurstöður þeirra kjarasamninga sem gengið var frá í júní lágu fyrir þá óskaði fjármálaráðuneytið eftir því við Hagstofu Íslands að þjóðhagsdeild hagstofunnar ynni vinnuskjal þar sem áhrif þeirra kjarasamninga sem frágengnir voru frá því þjóðhagsspá að vori var birt væru metin inn í þjóðhagsspána. Niðurstöður þeirrar spár voru síðan notaðar við vinnslu frumvarps til fjárlaga. Spáin er birt í ritinu „Stefna og horfur“ sem er fylgirit með frumvarpi til fjárlaga sem birt var í síðustu viku en hafði ekki verið birt annarstaðar. Þar kemur fram að útlit er fyrir mun meiri verðhækkun á næsta ári eftir að niðurstöður fyrrgreindra kjarasamninga lágu fyrir en gert var ráð fyrir í þjóðhagsspá sem birt var um mánaðamótin apríl/maí. Þó ber þess að geta að þar sem niðurstöður gerðardóms lágu ekki fyrir við gerð vinnuskjalsins þá hafa þær ekki áhrif á þessa spá. Áhrifa gerðardóms mun hinsvegar gæta í endurskoðaðri þjóðhagsspá sem birtist um mánaðamótin október/nóvember.

Rétt þykir því að vekja athygli sveitarfélaganna á niðurstöðum úr endurskoðaðri þjóðhagsspá sem birt er í frumvarpi til fjárlaga því forsendur þjóðhagsspár frá því fyrr í vor eru að mörgu leyti úreltar vegna nýrra forsendna.

Sem dæmi má nefna að í vörspá hagstofunnar er gert ráð fyrir 3,0% hækkun á vísitölu neysluverðs á árinu 2016 en í vinnuskjali sem unnið var eftir við gerð fjárlagafrumvarps hljóðar áætlun um hækkun vísitölu neysluverðs upp á 4,5% á árinu 2016. Það er 50% hækkun.

Hér er fylgja því með niðurstöður þjóðhagsspár fyrir árin 2014-2019 eins og þær birtast í fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga (sjá töflu 1).

Rétt er að minna á að þegar endurskoðuð þjóðhagsspá liggur fyrir síðar í haust þá verður vakin athygli á helstu niðurstöðum hennar.

Þjóðhagsspá 2014–2019

Breytingar, %	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Einkaneysla	3,7	4,2	4,1	3,0	2,5	2,5
Samneysla	1,8	1,8	1,5	1,7	1,5	2,2
Fjármunamyndun	13,7	18,1	14,6	2,9	-0,4	5,2
Atvinnuvegafjárfesting	15,1	20,8	16,0	1,5	-3,0	4,2
Íbúðarhúsnæði	14,9	20,3	19,3	12,2	9,4	8,7
Opinber fjárfesting	7,5	2,5	1,5	-1,0	0,5	5,0
Þjóðarútgjöld	5,3	6,2	5,4	2,7	1,7	3,0
Útflutningur	3,1	5,3	3,3	3,5	4,2	2,7
Innflutningur	9,9	10,2	8,1	3,5	2,5	3,8
Verg landsframleiðsla	1,9	3,8	3,0	2,7	2,6	2,5
Vöruskiptajöfnuður	6,2	6,1	3,8	3,7	4,7	4,2
Viðskiptajöfnuður	3,4	1,7	-0,1	-0,1	1,1	0,7
Neysluverðsvísitala	2,0	2,0	4,5	4,1	3,2	2,6
Gengisvísitala	-5,5	0,2	0,9	1,1	0,6	0,0
Raugengi	6,7	1,0	1,6	1,0	0,6	0,5
Atvinnuleysi	3,6	3,1	3,0	2,9	3,0	3,0
Launavísitala	5,6	7,5	8,0	6,0	5,0	5,0
Verð útflutts áls	2,0	-1,0	2,5	2,5	2,5	2,5
Olíuverð	-7,5	-39,7	12,8	5,4	3,6	1,8

Heimild: Hagstofa Íslands, júní 2015.

Vona að þetta sé til aðstoðar við vinnslu fjárhagsáætlana.

Með bestu kveðju

Gunlaugur A. Júlíusson